

Minnisblað

Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar varðandi húsnæðismál fatlaðs fólks.

Á fundi fjölskylduráðs þann 17. ágúst 2018 lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Íbúðir fyrir fatlað fólk

- Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?**
 - Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?**
 - Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?**
 - Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?**
 - Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017.“**

Eftirfarandi eru svör við fyrirspurninni sem byggja á samantekt upplýsinga um stöðu biðlista sem unninn var 29. júní 2018.

- Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?**
 - Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?**

Staða búsetu	Fjöldi
Tilbúnir að flytja í dag = ætla má að séu í brýnni þörf	28
Ekki tilbúnir að flytja í dag, en í náinni framtíð	18
þarf að skoða nánar	10
Samtals	56

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Flestir hafa sótt um húsnæði fyrir 5 árum síðan og er það einnig miðgildi biðlistans en meðalbiðtími eru 6 ár.

- Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?**

- Ekki er eyrnamerkt uppbygging eða úthlutun almennra félagslegra íbúða fyrir fatlað fólk, einungis sértækt húsnæði. Því er ekki eins auðvelt að nálgast upplýsingar um þann fjölda. Það skal tekið fram að við úthlutanir í félagslega húsnæðiskerfinu er sérstaklega hugað að þessum hópi. Fatlað fólk fær úthlutun í félagslega kerfinu eins og aðrir á biðlista sé það mat fagaðila að viðkomandi sé í forgangi og sé í brýnni þörf fyrir húsnæði.*

- *Upplýsingar um sértækt búsetuúrræði s.s. íbúðir í þjónustukjarna eru til.*

Íbúðakjarnar á áætlun

Þjónustukjarnar	Á dagskrá	Fjöldi íbúa	Staða máls
Arnarhraun	1	6	Var boðið út í vor en gekk ekki eftir. Fer líklega aftur í ferli
Öldutún	1	2 af biðlista + 4 frá Einibergi	Er í útboðsferli
Vinabær	1	6	Samningur við Vinabæ í vinnslu
Fjórði kjarni.	1	6	Ekki hafið - vantar lóð
Samtals:	4 kjarnar	20 af biðlista	

Þörf til viðbótar	Fjöldi kjarna	Fjöldi íbúa
Vantar	3-4	5 til 6 íbúar í kjarna

**3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum?
Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017.**

Ekki er vitað hve mörgum íbúðum var úthlutað til fatlaðs fólks á þessum árum.

- 2013-2015 – Klukkuvellir voru í byggingu og þær 6 íbúðir sem þar eru teknar í notkun í ágúst-sept. 2016.
- 2016 - 2017 Lóðamál og viðræður við hugsanlega byggingaraðila í vinnslu vegna Arnarhrauns og Öldugötu.

Hafnarfjörður 27. ágúst 2018.

Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri reksturs og þróunar í málefnum fatlaðs fólks
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri.